

GREINARGERÐ

Í töflu 20.5 Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Mýrum breytist eftirfarandi:

Fyrir breytingu:

E49 Skinney – klöpp – grjót – hringtákna ~ 3 ha, stærð/flokkur 3, allt að 30.000m³

Eftir breytingu:

E49 Skinney – klöpp – grjót – hringtákna ~ 3 ha, stærð/flokkur 3, allt að 49.000m³, efni í hafnargarða.

Til stendur að reisa um 150 m langan varnargarð frá Suðurfjörutanga út í Einholtskletta. Framkvæmin er liður í að hamla sandburði úr vestri en mælingar sýna að dýpi hefur minkað í Grynnslum síðan mælingar voru gerðar árið 2015. Grjótið í sjóvörnina sem byggð var á Suðurfjörutanganum árið 1991 var unnið úr klöppum við Smyrlabjörg. Þangað er um 30 km vegalengd og yfir jökulá að fara, en áin Kolgríma var þveruð í framkvæmdum árið 1991. Grjótnám úr klöppum við Smyrlabjörg er ekki talinn heppilegur kostur vegna mikilla framkvæmda og rasks sem fylgir akstri á efni. Því hefur verið unnið að því undanfarin ár að opna fyrir grjótnám nær þar sem ekki er krafist stórgrytis við gerð varnargarðsins.

Árið 2015 var opnuð námu í klöppum ofan við Skinney og unnið efni til lagfæringar og lengingar sjóvarnar innan á Suðurfjörutanga. Niðurstaða þeirrar vinnslu var að hægt væri að vinna grófan sprengdan kjarna úr klöppunum og grjót í tiltölulega lágu hlutfalli upp í um 1,5 tonn. Náman var stækkuð í upphafi árs 2020 og hefur verið unnið úr námunni við framkvæmdir við garðinn. Meira efni hefur farið í garðinn en fyrirhugað var og því talin þörf á frekari stækkun námunnar en einnig er talið nauðsynlegt að geta tekið úr námunni síðar til viðgerða á hafnargörðum.

NÁTTÚRU- OG FORNMINJAR

Ekki eru þekktar fornminjar á fyrirhuguðu efnistökusvæði og engar minjar sjást á yfirborði svæðisins. Heimildir herma að bærinn í Skinney hafi staðið vestan við núverandi námusvæði en staðsetning hans er ekki þekkt en æskilegt að farið verði með gát sé náman stækkuð til vesturs. Af náttúruminjum má finna útfall Hólmsá. Aðgengi að fyrirhuguðu efnistökusvæði er um afleggjara frá hringvegi 1 austan Hólmsá. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

NÁTTÚRUVÁ

Svæðið er skv. aðalskipulagi ekki skilgreint sem svæði undir náttúrvá. Hólmsá getur verið mjög vatnsmikil eins og kom fram í miklum rigningum haustið 2017. Efnistöku skal hagað þannig að bakkar námu myndi náttúrulegan varnargarð við lok efnistöku.



EFNISTAKA

Náma í Skinney verður allt að 18.000 m² og heimil efnistaka allt að 49.000 m³.

Svörður verður 1-3 m djúpur. Efnið úr námunni er sprengdur kjarni og verður notaður í varnargarða á Suðurfjörum.

FRÁGANGUR OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Við upphaf og lok efnistöku skal gps mæla svörð. Frágangur námu skal vera þannig að ekki skapist fallhætta.




SKÝRINGAR

Stofnvegir
Tengivegir
Aðrir vegir
Hjóreiða, góngu- og reiðstigar
Rafveita
Fjarskipti
Ljósleðari
(R) Búsetumjör- hverfisvernd stöðir og minjar, valdir af fornleifalistu Jöklar (öltuð svæði) heyrar undir obbyggð svæði [ob]
Verslun og þjónusta [vp]
Efnistöku og efnislosunarsvæði [e]
Landbúnaðarsvæði [L]
Skógræktar og landgræðslusvæði [sl]
Öbyggð svæði [ob]
Völn, ár og sjór [v]
Strandsvæði [st]
Önnur náttúruvernd [on] númer visar til skráningar Náttúrvá [nv]
Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs

Samþykkt og Staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt
2. mgr. 36. gr. skipulagslag nr. 123 / 2010 var samþykkt í Bæjarstjórn
þann 20. 8. 2020



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnum
þann 30.9. 2020



Aðalskipulag
Náma í
Skinney



V01	Málstöðvinni: 1:50.000	Bláðsíðan: A3	Tekning nr.: 001
Umrið af Sveitarfélagið Hornafjörður	Dags. 17.08.2020	Teiknað af GLG/BDI	